

48. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 22. mars 2012, kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson oddviti, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson, Hilma Steinarsdóttir, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Steinunn Leósdóttir og Ævar Marinósson. Auk þess sat fundinn Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Gerð er tillaga um að bæta við dagskrána lið 14 – Fundargerð samrekstrarnefndar, dags. 21. mars 2012.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 08.03.2012.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Liður 8 í fundargerðinni, Erindi frá Sóleyju Vífilsdóttir, tekinn fyrir undir lið 3 - Fundargerð atvinnu-, ferðamála- og menningarnefndar.

2. Fundargerð sveitarstjórnar (aukafundur), dags. 12.03.2012

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð atvinnu-, ferðamála- og menningarnefndar, dags. 05.03.2012

- Í 1. lið fundargerðarinnar er fjallað styrkumsókn Sóleyjar Vífilsdóttur vegna fyrirhugaðra ljósmyndasýninga og lagt til að veita 50.000 kr. styrk í verkefnið. Sveitarstjóra falið að kanna framgang verkefnisins og taka ákvörðun um styrkveitinguna með hliðsjón af því og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða.
- Í 2. lið fundargerðarinnar er lýst eftir stefnu sveitarfélagsins varðandi aðkomu þess að Kátum dögum. Í ljósi þess að staða ferða- og menningarfulltrúa hefur verið lögð niður mun Langanesbyggð ekki hafa frumkvæði að því að skipuleggja Káta daga, líkt og undanfarin ár. Sveitarstjórn fagnar aftur á móti áhuga og frumkvæði hagsmunaaðila og heimamanna og mun leggja þeim lið eins og verið hefur og ef eftir því verður leitað, s.s. með vinnuframlagi starfsmanna áhaldahúss og aðgangi að húsnæði í íþróttamiðstöð og Þórsveri.
Samþykkt samhljóða.
- Í 3. lið fundargerðarinnar er lýst eftir stefnu sveitarfélagsins í ferða- og menningarmálum. Jafnframt er spurt hvert erindum og verkefnum er tengjast ferða- og menningarmálum er nú vísað. Sveitarstjórn fagnar fyrirspurn nefndarinnar og óskar eftir því að nefndin geri drög að stefnu í ferða- og menningarmálum og leggi fyrir sveitarstjórn. Erindum og verkefnum er nú sinnt á skrifstofu sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. **Fundargerð samrekstrarnefndar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, dags. 16.03.2012**
Í 1. lið fundargerðarinnar er fjallað um kostnaðarskiptingu samrekstrar sveitarfélaganna fyrir árin 2009 og 2010. Nefndin gerir tillögu um að hlutur Svalbarðshrepps verði:
- 2009 – kr. 15.885.528
 - 2010 – kr. 18.301.898
- Samþykkt samhljóða*
- Fundargerðin samþykkt samhljóða.*
5. **Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 13.03.2012.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
6. **Fundargerð stjórnar Nausts, dags. 10.11.2011.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
7. **Fundargerð stjórnar Nausts, dags. 20.03.2012.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
8. **Fundargerð Markaðsstofu Norðurlands, dags. 01.03.2012.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
9. **Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 21.03.2012.**
Í 2. lið fundargerðarinnar er fjallað um tilboð í íbúðina að Vesturvegi 6b. Lagt til að sveitarstjóri ræði við tilboðsgjafa og reyni að ná samkomulagi um kaupverð.
Samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.
- Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.*
10. **Skýrsla sveitarstjóra.**
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:
- Matráður skólamötuneytis er farinn í veikindafri og munu matráðar Nausts sjá um matseld fram að sumarfríi.
 - Auglýst hefur verið eftir skólastjóra við Grunnskólans á Þórshöfn í kjölfar uppsagnar Arnfríðar Aðalsteinsdóttur.
 - Sveitarstjóri leggur til að fimmtudaginn 29. mars nk. kl. 16.00 verði aukafundur í sveitarstjórn vegna ársreiknings Langanesbyggðar 2011.
 - Sveitarstjóri leggur til að næsti formlegi sveitarstjórnarfundur verði 12. apríl, enda komi næsti formlegi fundardagur, 5. apríl, upp á skírdag.
 - Sveitarstjóri verður 23. mars á landsþingi Samband íslenskra sveitarfélaga.
11. **Umsókn um breytingu á rekstrarleyfi, dags. 14.03.2012.**
Fyrir liggur umsókn Aðalbjarnar Arnarssonar um breytingu á rekstrarleyfi fyrir Veitingastofunna Stapa ehf., kt. 510112-0400, í flokk III í flokkun veitingarstaða (samkv. 14. gr. reglug. um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald). Sótt er um að opunar- og veitingartími áfengis verði til kl. 01:00 alla daga, þó til kl. 03:00 aðfaranótt laugadags, sunnudags eða almenns frídags.
Samþykkt samhljóða.

12. Samgönguáætlun 2011-2022

Drög að umsögn Langanesbyggðar um frumvarp til laga um samgönguáætlanir 2011-2014 og 2011-2022 lögð fram til samþykktar. Sveitarstjóra falið að senda umsögnina á Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og þingmenn kjördæmisins.
Samþykkt samhljóða.

13. Bréf frá Vegagerðinni, dags. 09.03.2012

Í bréfinu kemur fram að rekstrarstyrkur ríkisins vegna flugleiðarinnar Vopnafjörður – Þórshöfn – Akureyri rennur út í árslok 2013. Umræður um áætlunarflug. Tillaga gerð um eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur það fullkomlega óásættanlegt að rekstrarstyrkur vegna áætlunarflugs frá Þórshöfn og Vopnafirði sé ekki tryggður nema til næstu tveggja ára. Þessi mikilvæga samgönguleið má ekki undir neinum kringumstæðum falla niður. Eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar er að almenningsamgöngur séu góðar innan svæða og einnig og ekki síður til og frá höfuðborg allra landsmanna. Flugvellir á borð við Þórshafnarflugvöll eru aðgöngudyr þessa landssvæðis að því að unnt sé að ná því megin markmiði samgönguáætlunar að komast til höfuðborgarinnar á um það bil þremur klukkustundum. Áætlunarflug til Þórshafnar er gríðarlega mikilvægt atvinnulífi í sveitarfélaginu og ekki síður ferðapjónustu á svæðinu. Auk þess leikur Þórshafnarflugvöllur stórt hlutverk í skipulagi og -uppbyggingu í sveitarfélaginu til framtíðar. Með því að draga úr mikilvægi flugvallarins, er framtíðaráformum og -búsetuskilyrðum í Langanesbyggð stefnt í voða. Vonast er til þess að yfirvöld samgöngumála tryggi fjárveitingar til áframhaldandi áætlunarflugs til Þórshafnar og Vopnafjarðar.”

Sveitarstjóra falið að koma bókuninni á framfæri við Vegagerðina
Samþykkt samhljóða.

14. Fundargerð samrekstrarnefndar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, dags. 21. mars 2012.

Í 1. lið fundargerðarinnar leggur samrekstrarnefnd fram tillögu um hlutdeild Svalbarðshrepps í samrekstri sveitarfélaganna árið 2011. Samkvæmt henni verður hlutdeild Svalbarðshrepps kr. 20.421.931.
Samþykkt samhljóða

Umræður um lið 2 í fundargerðinni færðar í trúnaðarbók.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.25.